

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 14. nóvember 2013 í máli nr. E-1043/2013:

Páll Rúnar Elísson

(Hjördís Edda Harðardóttir hrl.)

gegn

Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

(Kristín Edwald hrl.)

I.

Mál þetta, sem var dómtekið 28. október 2013, er höfðað 8. mars 2013 af Páli Rúnari Elíssyni, Þverárseli 26 í Reykjavík, gegn Sjóvá-Almennum tryggingum hf., Kringlunni 5 í Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að stefndi greiði sér 1.500.000 krónur með 4,5% vöxtum frá 16. október 2006 til 10. nóvember 2011, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim tíma til greiðsludags. Jafnframt krefst stefnandi málskostnaðar auk virðisaukaskatts eins og málið sé eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og að hann verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað. Til vara krefst hann lækkunar á kröfu stefnanda og að málskostnaður verði látinn niður falla.

II.

Stefnandi slasaðist 16. október 2006 er hann var við vinnu sína hjá Loftorku Borgarnesi ehf. Loftorka var þá með frjálsa ábyrgðartryggingu fyrir atvinnurekendur hjá stefnda. Í málinu liggur fyrir samrit ábyrgðarskírteinis er þá var í gildi. Þar segir meðal annars eftirfarandi:

Vátryggingarfjárhæð: Kr. 160.000.000

Eigin áhætta: Eigin áhætta grunnskilmála gildir nema annað sé tekið fram: Kr. 1.500.000.

Í almennum váttryggingarskilmálum tryggingarinnar segir í 2. gr. að váttryggingin taki til skaðabótaábyrgðar, sem fellur á váttryggðan vegna líkamstjóns eða skemmda á munum vegna viðkomandi starfsemi, enda verði líkamstjónið eða skemmdirnar raktar til skyndilegs og óvænts atburðar. Fjallað er um eigin áhættu í 28. gr. skilmálanna en ákvæðið hljóðar svo: „Af hverju tjóni ber váttryggður sjálfur tiltekinn hluta tjóns í eigin áhættu. Kveðið er á um eigin áhættu í váttryggingarskírteini. Nái höfuðstóll bótakröfu ekki lágmarki eigin áhættu, greiðir félagði ekki heldur kostnað, þó að krafan og kostnaðurinn samanlagt verði meiri en fjárhæð eigin áhættu.“

Loftorka var tekin til gjaldþrotaskipta 27. júní 2009. Hinn 18. mars 2010, höfðaði stefnandi mál gegn stefnda þar sem hann krafðist þess að félagið greiddi bætur úr fyrrgreindri ábyrgðartryggingu Loftorku vegna líkamstjóns sem stefnandi hafði orðið fyrir við slysið 16. október 2006. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 23. desember 2010 var fallist á þá kröfu stefnanda. Aðilar gerðu upp skaðabæturnar 10. nóvember 2011. Á framlögðu fullnaðaruppgjöri segir að bótafjárhæðin sé 14.298.856 krónur en að til frádráttar komi annars vegar innborgun að fjárhæð ein milljón króna og hins vegar „frádregin eigin áhætta váttryggingartaka“ að fjárhæð 1.500.000 krónur. Í tölvuskeyti stefnda, sem er dagsett sama dag og fullnaðaruppgjörið, segir að á tjónsdegi hafi eigin áhætta váttryggingartaka numið 1.500.000 krónum. Þá segir þar að af þeim sökum hafi váttryggingarverndin tekið til tjóns umfram 1.500.000 krónur. Þar kemur einnig fram að ekki hafi verið lagt út fyrir eigin áhættu þar sem váttryggingartaki hafi verið gjaldþrota. Um frádráttarheimildina er í skeytinu vísað til 44. gr. laga um váttryggingarsamninga og greinargerðar með ákvæðinu þar sem fjallað er um rétt váttryggingafélags til að hafa uppi sömu mótbáru gagnvart tjónþola og hinum váttryggða.

Lögmaður stefnanda undirritaði fullnaðarkvittun með fyrirvara um frádregna eigin áhættu váttryggingartaka. Með tölvuskeyti 28. nóvember 2011 var þess krafist af hálfu stefnanda að hið stefnda félag greiddi stefnanda 1.500.000 krónur með vöxtum og dráttarvöxtum. Þar voru færð rök fyrir því að stefnda hafi verið óheimilt að draga eigin áhættu váttryggingartaka frá fjárhæð skaðabótanna.

III.

1. Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir á því að hvergi í umræddum váttryggingarskilmálum hafi verið ákvæði um að tjónþoli eigi að hlíta því að bætur hans verði lækkaðar vegna eigin áhættu váttryggingartaka. Hann áréttar í því sambandi að váttryggingin taki til skaðabótaábyrgðar sem falli á váttryggðan vegna líkamstjóns í starfsemi váttryggðs, sbr. 2. gr. skilmálanna. Þá greiði félagið bætur þrátt fyrir að váttryggingin falli síðar úr gildi, sbr. 16. gr. þeirra. Félagið greiði einnig bætur komi afleiðingar atviks, sem tjón hefur hlotist af og gerst hefur á váttryggingartímanum, ekki í ljós fyrr en váttryggingin er fallin úr gildi. Í 28. gr. skilmálanna sé fjallað um eigin áhættu váttryggðs. Hvergi sé vikið að því í skilmálunum að samband sé á milli eigin áhættu og bótagreiðslu til tjónþola.

Stefnandi kveðst reisa kröfu sína á því að hann eigi rétt á því að fá tjón sitt bætt að fullu. Ekkert samningssamband sé á milli váttryggingartaka og stefnanda um frádrátt vegna eigin áhættu váttryggingartaka. Stefnandi sé ekki aðili að samningi váttryggingartaka og hins stefnda félags um eigin áhættu. Hann hafnar því alfarið að hann eigi að hlíta ákvæðum um eigin áhættu í samningi sem hann sé ekki aðili að. Réttarsamband stefnanda og stefnda sé skaðabótaréttarsamband, sem byggist á skaðabótaábyrgð váttryggingartaka utan samninga, en stefndi hafi tekið að sér að standa skil á skaðabótunum samkvæmt váttryggingarsamningi váttryggingartaka og stefnda.

Af hálfu stefnanda er tekið fram að samkvæmt skaðabótalögum, nr. 50/1993, eigi hann rétt á fullum bótum, sbr. 1. gr. laganna. Í 4. mgr. 5. gr. laganna eru tæmandi taldar þær greiðslur sem eiga að dragast frá örorkubótum tjónþola. Eigin áhætta váttryggingartaka sé ekki talin þar upp. Þá hafnar stefnandi því að váttryggingarvernd stefnanda taki til tjóns umfram 1.500.000 krónur. Engar slíkar takmarkanir hafi legið fyrir gagnvart stefnanda og hann verið í góðri trú um að hann fengi tjón sitt að fullu bætt.

Stefnandi vísar einnig til þess að engin heimild sé til þess að halda eftir eigin áhættu með vísan til fyrirliggjandi viðurkenningardóms, þar sem viðurkennt hafi verið að stefnda skyldi greiða bætur úr ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar Loftorku vegna líkamstjóns sem stefnandi hafi orðið fyrir við vinnu sína hjá fyrirtækinu 16. október 2006. Dómsorðið sé skýrt og afdráttarlaust og telur stefnandi að stefndi sé alfarið bundinn af því. Á þeim grundvelli telur hann að stefnda skorti heimild til að lækka bætur vegna eigin áhættu.

Stefnandi reisir kröfu sína einnig á því að stefndi hafi sýnt tómlæti við að halda fram sjónarmiðum sínum um eigin áhættu. Þegar stefna hafi verið birt fyrir stefnda 18. mars 2010 hafi legið fyrir að váttryggingartaki væri gjaldþrota. Því hafi kröfu um viðurkenningu verið beint að stefnda á grundvelli 1. mgr. 44. gr. laga nr. 30/2004, sbr. 2. mgr. 46. gr. sömu laga. Stefndi hafi hvorki haft uppi athugasemdir við þann málatilbúnað stefnanda né gert fyrirvara eða athugasemd um eigin áhættu váttryggingartaka. Viðurkenningardómur hafi gengið án þess að málsástæða um eigin áhættu hafi verið höfð uppi í greinargerð eða við aðalmeðferð. Þá hafi stefndi ekki gert fyrirvara við samþykkt matsbeiðni um örorkumat. Því hafi stefndi sýnt af sér tómlæti við meðferð viðurkenningarmálsins og ekki fylgt málsmeðferðarreglum einkamálalaga um að koma strax fram með þær málsástæður er hann hafi ætlað að byggja á.

Stefnandi hafnar enn fremur þeirri mótbáru stefnda að hann geti haft uppi sömu mótbáru gagnvart tjónþola og váttryggingartaka með vísan til 44. gr. laga nr. 30/2004. Stefnandi telur að 4. mgr. 44. gr. sé ætlað samkvæmt orðanna hljóðan að taka til þeirra mótbára sem váttryggingartaki/félagið geti haft uppi gegn kröfu tjónþola. Ekki sé hægt að skilja ákvæðið öðruvísi en svo að þar sé átt við hefðbundnar mótbáru í skaðabótamálum, svo sem mótbáru sem lúti að eigin sök tjónþola, útreikningi á tjóni o.s.frv. Ekki verði séð hvernig félagið eigi að geta haft uppi mótbáru sem lúti að eigin áhættu váttryggingartaka, enda séu það ekki mótbáru sem váttryggingartaki geti haft uppi gagnvart tjónþola komi til tjóns. Lög um váttryggingarsamninga kveði ekki skýrt á um þetta atriði og að mati stefnanda séu ummæli í greinargerð með frumvarpi ekki tæk sem grundvöllur þess að halda

eftir eigin áhættu í tjóni stefnanda. Hér verði að skýra óskýrleika váttryggingarsamningalaga stefnanda í hag.

Stefnandi heldur því fram að gjaldþrot váttryggingartaka eigi ekki að breyta réttarstöðu stefnanda gagnvart stefnda við uppgjör skaðabóta. Þvert á mót tryggi váttryggingasamningalögin beina aðild félagsins í slíkum málum, sbr. 2. mgr. 46. gr., sbr. 44. gr. laganna. Ákvæðum VII. kafla laganna sé einmitt ætlað að tryggja réttarstöðu tjónþola í slíkum tilvikum. Ekki verði lesið út úr ákvæðum kaflans að tjónþoli eigi að þurfa að sæta takmörkun á rétti sínum t.d. vegna samnings váttryggingartaka og félags um eigin áhættu. Váttryggingin hafi verið í gildi þegar tjónið hafi orðið og stefndi greiðsluskyldur þrátt fyrir að tryggingin hafi síðar fallið úr gildi, sbr. 16. gr. váttryggingarskilmála. Stefnandi kveðst hafna þeim rökum að hann eigi að vera eins settur og ef váttryggingartaki hefði ekki verið með váttryggingu og orðið gjaldþrota, en þá hefði stefnandi engar bætur fengið.

Af hálfu stefnanda er á því byggt að hér verði að líta til eðlis eigin áhættu. Henni sé ætlað að takmarka tjón váttryggingafélags gagnvart váttryggingartaka, svo og að hafa áhrif á iðgjöld váttryggingartaka. Því hærri sem eigin áhætta váttryggingartaka sé því lægri iðgjöld þurfi hann alla jafna að greiða. Þetta fyrirkomulag eigin áhættu eigi ekki að hafa nein áhrif á váttryggingarvernd tjónþola sem eigi að fá tjón sitt bætt að fullu. Stefnandi heldur því einnig fram að það væri með öllu óeðlilegt ef staða tjónþola væri mismunandi eftir því hversu háa eigin áhættu fyrirtæki væru með, en það færi í bága við meginmarkmið VII. kafla váttryggingarsamningalaga, sem hafi m.a. verið að styrkja réttarstöðu tjónþola við ábyrgðartryggingartjón.

Stefnandi bendir jafnframt á að 2. mgr. 49. gr. í lögum um váttryggingarsamninga geri ráð fyrir því að váttryggingafélag geti skuldajafnað vangoldnu iðgjaldi þegar tjónþoli fái greiddar bætur. Þar sem þetta sé eina tilgreinda heimildin til skuldajafnaðar verði að beita gagnályktun og líta svo á að skuldajöfnun eigi ekki við um eigin áhættu. Stefnandi tekur fram að stefndi hafi ekki lýst yfir skuldajöfnuði.

Stefnandi dregur þá ályktun af öllu framangreindu að hann eigi að fá tjón sitt að fullu bætt og krefst því greiðslu á þeim hluta bótanna sem stefndi hafi haldið eftir við uppgjör.

Stefnandi kveður kröfuna nema 1.500.000 krónum og sé fjárhæðin óumdeild, enda sú fjárhæð sem stefndi hafi haldið eftir við uppgjör bóta. Krafið sé vaxta samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga miðað við tjónsdag 16. október 2006, þar sem ekki verði ráðið af uppgjörslaði stefnda af hvaða lið eigin áhætta sé frádregin, þ.e. hvort það sé af miska eða varanlegri örorku. Dráttarvaxtakrafan byggist á því að kröfuna hafi átt að greiða að fullu við uppgjör 10. nóvember 2011 og hafi hún þar með fallið í gjalddaga þann dag, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

Um lagarök vísar stefnandi til skaðabótalaga nr. 50/1993, einkum 1. gr. og 5. gr., laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, einkum VII. kafla og VIII. kafla, svo og til almennra reglna kröfuréttar. Einnig á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Krafa um vexti sé reist á 16. gr. skaðabótalaga og þá sé krafa um dráttarvexti reist á lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, einkum á 5. gr.

laganna. Málskostnaðarkrafa sé reist á ákvæðum XX. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þá sé krafa um virðisaukaskatt reist á lögum nr. 50/1988, en stefnandi sé ekki virðisaukaskattskyldur aðili.

2. Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi kveðst byggja kröfu sína á því að stefnandi hafi þegar fengið greiddar að fullu þær bætur sem hann eigi rétt á úr frjálsri ábyrgðartryggingu Loftorku hjá stefnanda. Stefnandi eigi ekki rétt til hærri greiðslna úr ábyrgðartryggingunni en sem váttryggingarsamningur Loftorku og stefnda kveði á um.

Stefndi heldur því fram að Loftorka hafi keypt ábyrgðartryggingu af stefnda sem bæti tjón sem Loftorka beri skaðabótaábyrgð á umfram 1.500.000 krónur. Loftorka hafi ákveðið að bera sjálf tjón allt að umfangi 1.500.000 krónur og hafi ekki keypt váttryggingu vegna þess. Stefnandi tekur fram að til staðfestingar á þessu og öðru efni váttryggingarsamningsins hafi verið gefið út váttryggingarskírteini. Þar hafi komið fram ákvæði váttryggingarsamningsins sem hafi ekki komið fram í váttryggingarskilmálum, sbr. f-lið 2. mgr. 10. gr. laga nr. 30/2004. Því sé ljóst að stefndi hafi skuldbundið sig til að greiða þeim sem Loftorka ylli tjóni bætur fyrir tjón umfram 1.500.000 krónur, en tryggingin hafi ekki náð til fyrstu 1.500.000 krónanna af umfangi tjónsins.

Stefndi telur að með greiðslunni 10. nóvember 2011 hafi þær bætur, sem stefnandi hafi átt rétt á að fá úr frjálsri ábyrgðartryggingu Loftorku, verið greiddar að fullu. Því sé alfarið mótmælt að stefnandi eigi rétt á frekari greiðslum úr hendi stefnda og telur stefndi að málatilbúnaður stefnanda sé reistur á grundvallarmisskilningi á gildissviði váttryggingarinnar og váttryggingarsamningsins.

Stefndi heldur því fram að váttryggingarsamningur sinn og Loftorku hafi kveðið skýrt á um að Loftorka væri einungis að kaupa váttryggingu vegna tjóns umfram 1.500.000 krónur. Stefnandi hafi ekki tekið á sig greiðsluskyldu vegna alls þess tjóns sem Loftorka bæri skaðabótaábyrgð á. Loftorka hafi verið hinn skaðabótaskyldi aðili en ekki stefndi. Ekkert samningssamband hafi verið milli stefnanda og stefnda heldur sé réttur stefnanda til greiðslu váttryggingarbótanna afleiddur réttur af samningi stefnda og Loftorku. Stefnandi hafi því ekki eignast ríkari rétt en váttryggingarsamningurinn hafi kveðið á um. Tilvísun stefnanda til skaðabótalaga sé því mótmælt sem þýðingarlausri.

Stefndi vísar til dómsorðs í fyrra máli stefnanda gegn félaginu og tekur fram að þar hafi eðli málsins samkvæmt ekki verið tekin nein afstaða til fjárhæðar bótanna, hvorki umfangs váttryggingarverndarinnar né frádráttarliða svo sem vegna greiðslna frá þriðja aðila. Stefnandi hafnar því að fyrri dómurinn geti haft nokkurt gildi um umfang bótanna. Með viðurkenningardómi um að bótakrafa yrði greidd úr ábyrgðartryggingu Loftorku hafi ekki verið skorið úr um þær fjárhæðir sem hafi borið að greiða.

Stefndi tekur fram að hann hafi ekki haft neina ástæðu til að byggja á málsástæðum sem lutu að fjárhagslegu umfangi váttryggingarverndarinnar í

viðurkenningarmálinu. Taki það meðal annars til umfangs eigin áhættu Loftorku. Vísar stefndi því alfarið á bug að málsástæður stefnda í máli þessu séu of seint fram komnar sem og að félagið hafi sýnt af sér tómlæti á einhvern hátt.

Þá tekur stefndi fram að gjaldþrot Loftorku hafi engin áhrif haft á rétt stefnanda til greiðslu váttryggingarbóta. Engin breyting hafi orðið á váttryggingarverndinni við gjaldþrotið. Stefndi mótmælir því að lög um váttryggingarsamninga kveði á um að við gjaldþrot váttryggingartaka aukist váttryggingarverndin eins og stefnandi virðist byggja á. Kafli VII í lögnum verði ekki túlkaður á þann veg.

Stefndi bendir á að samkvæmt 95. gr. eldri váttryggingarsamningalaga, nr. 20/1954, hafi tjónþoli ekki öðlast kröfu á hendur váttryggingafélagi fyrr en skaðabótaskylda hins váttryggða var staðreynd, þ.e. viðurkennd eða dæmd. Í gildistíð fyrri laga hafi krafa tjónþola á hendur váttryggingafélagi því fallið niður við gjaldþrot váttryggingartaka ef hún hafði ekki verið staðreynd. Með setningu núgildandi váttryggingarsamningalaga hafi þessari stöðu verið breytt og tjónþola veitt heimild til þess að krefja váttryggingarfélag beint um bætur, sbr. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 30/2004. Jafnframt hafi verið kveðið sérstaklega á um það í 4. mgr. 44. gr. laganna að váttryggingafélag geti haft uppi mótbárur gegn kröfu tjónþola svo fremi þær eigi ekki rót að rekja til háttsemi váttryggðs eftir að váttryggingaratburður hafi orðið. Ráða megi af 4. mgr. 44. gr. laganna að sú mótbára, að váttryggingin nái einungis til tjóns umfram 1.500.000 krónur, komist að gagnvart stefnanda. Í því felist að tjónþoli geti ekki öðlast betri réttarstöðu gagnvart váttryggingafélagi en váttryggingartaki hefði haft. Mótmælir stefndi því að lögin séu óskýr að þessu leyti.

Þá mótmælir stefndi því að óeðlilegt sé að staða tjónþola sé mismunandi eftir því hversu háa eigin áhættu váttryggingartaki ákveði að bera. Um sé að ræða frjálsa ábyrgðartryggingu en ekki lögbundna ábyrgðartryggingu. Því sé fullkomlega eðlilegt í slíkum tilvikum að staða tjónþola sé mismunandi enda gæti tjónvaldur allt eins verið ótryggður.

Stefndi bendir einnig á að stefnanda hefði verið í lófa lagið að lýsa kröfu í protabú Loftorku, en hann hafi verið farinn að leita réttar síns vegna slyssins að minnsta kosti rúmu ári áður en félagið hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta.

Stefndi tekur einnig fram að eigin áhætta geti haft áhrif á iðgjald váttryggingartaka. Það hafi hins vegar ekkert með stöðu tjónþola gagnvart váttryggingarfélaginu að gera. Váttryggingarverndin sé í samræmi við váttryggingarsamninginn, hvorki takmarkaðri né víðtækari.

Stefndi vísar málsástæðum er lúta að skuldajöfnuði á bug sem þýðingarlausum og máli þessu óviðkomandi, enda hafi stefndi hvorki lýst yfir skuldajöfnuði né borið slíkar reglur fyrir sig.

Af öllu framangreindu telur stefndi að réttur stefnanda til greiðslu váttryggingarbóta fari eftir váttryggingarsamningi Loftorku og stefnda. Stefnandi hafi fengið fullar bætur greiddar úr váttryggingunni lögum samkvæmt og eigi því ekki rétt á frekari greiðslu úr hendi stefnda.

Verði ekki fallist á aðalkröfu er krafist lækkunar á kröfu stefnanda á þeim grundvelli að vextir sem voru eldri en fjögurra ára á stefnubirtingardegi 8. mars 2013 séu fyrndir. Jafnframt sé upphafstíma dráttarvaxta mótmælt frá fyrri tíma en dómsuppkvaðningardegi.

Um lagarök vísar stefndi einkum til laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, almennra reglna samningaréttar, almennra reglna kröfuréttar og laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda. Um málskostað vísar stefndi til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

IV.

Stefnandi hefur fengið greiddar skaðabætur úr ábyrgðartryggingu, sem Loftorka Borganesi ehf. var með hjá hinu stefnda tryggingarfélagi, í tilefni af slysi sem stefnandi varð fyrir 16. október 2006. Í váttryggingarsamningi Loftorku og stefnda var eigin áhætta váttryggingartaka ákveðin 1.500.000 krónur. Við uppgjör bótanna var framangreind fjárhæð dregin frá útreiknuðum skaðabótum samkvæmt skaðabótalögum nr. 50/1993. Aðila greinir á um hvort heimilt hafi verið að beita þeim frádrætti. Stefnandi telur sig eiga rétt til fullra bóta úr hendi tryggingarfélagsins, enda snúi eigin áhætta váttryggingartaka aðeins að réttarsambandi hans og hins stefnda tryggingarfélags. Því hafi verið óheimilt að draga framangreinda fjárhæð frá bótum til stefnanda. Stefnandi er á öndverðum meiði og byggir á því að réttur tjónþola á hendur sér leiði af váttryggingarsamningi félagsins og váttryggingartaka með þeim takmörkunum á ábyrgð sem þar var um samið.

Eins og rakið hefur verið var í váttryggingarskírteini vísað um eigin áhættu til almennra skilmála frjálstrar ábyrgðartryggingar fyrir atvinnurekendur, sem urðu með því hluti af váttryggingarsamningi váttryggingartaka og stefnda. Þar var um það samið að váttryggður bæri sjálfur hluta tjóns er næmi 1.500.000 krónum í eigin áhættu. Eins og skilmálarnir hljóða verður að leggja þann skilning í ákvæði þeirra að stefndi bæti aðeins þann hluta af tjóni tjónþola sem er umfram 1.500.000 krónur. Með váttryggingarsamningnum tók stefndir því ekki á sig skyldu til að greiða tjónþola fullar bætur, eins og stefnandi reisir málatilbúnað sinn á.

Ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga setja ekki skorður við því að samið sé með þessum hætti um eigin áhættu váttryggðs við töku frjálstrar ábyrgðartryggingar. Réttur stefnanda til bóta úr hendi stefnda er leiddur af váttryggingarsamningi váttryggingartaka og stefnda og getur ekki orðið ríkari en þar er kveðið á um. Fær sú ályktun enn fremur stoð í 44. gr. laganna þar sem fjallað er um stöðu tjónþola þegar váttrygging tekur til tjóns váttryggðs vegna skaðabótaábyrgðar sem hann ber, þ.e. þegar um ábyrgðartryggingu er að ræða. Kemur þar fram að þá geti tjónþoli krafist bóta beint frá tryggingarfélaginu, sbr. 1. mgr. greinarinnar. Geri tjónþoli það getur félagið aftur á móti haft uppi, ekki einungis sömu mótbáru gegn kröfu tjónþola og hinn váttryggði, heldur einnig aðrar mótbáru svo fremi þær eigi ekki rót að rekja til háttsemi váttryggðs eftir að váttryggingaratburður varð. Eins og fram kemur í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 30/2004 geta þessar mótbáru meðal annars

byggst á reglum váttryggingaréttar. Sérstaklega er þar vikið að því að þannig geti tryggingarfélag „borið fyrir sig ákvæði í váttryggingarsamningi um eigin áhættu hins váttryggða“.

Sú takmörkun á bótagreiðslu úr hendi hins stefnda váttryggingafélags sem af framangreindu leiðir breytir engu um rétt stefnanda til að fá tjón sitt að fullu bætt. Greiðsluskylda váttryggingafélagsins verður hins vegar ekki meiri en leiðir af váttryggingarsamningi reynist tjónvaldur ekki borgunarmaður skaðabótanna.

Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 23. desember 2010 var einungis fjallað um kröfu stefnanda um að viðurkennt yrði að stefndi skyldi greiða stefnanda bætur úr umræddri ábyrgðartryggingu vegna líkamstjóns er stefnandi varð fyrir í vinnu sinni hjá Loftorku 16. október 2006. Þar var í engu vikið að atriðum er lúta að fjárhæð skaðabótakröfunnar. Þessi dómsniðurstaða hamlaði því ekki að stefndi greiddi stefnanda bætur úr ábyrgðartryggingunni að teknu tilliti til eigin áhættu váttryggðs. Þá verður ekki séð að stefndi hafi, eins og kröfugerð stefnanda var háttað í fyrra málinu, haft tilefni til að tefla þar fram röksemdum um að eigin áhætta váttryggðs skyldi koma til frádráttar útreiknuðu fjártjóni stefnanda. Þá telur dómurinn að stefndi hafi ekki, á grundvelli reglna um tómlæti, misst rétt til að bera fyrir sig þá röksemd við útgreiðslu bótanna þó að hann hafi ekki gert fyrirvara um þetta atriði þegar leitað var eftir örorkumati í máli stefnanda.

Eins og rakið hefur verið átti stefnandi ekki ríkari bótarétt úr hendi stefnda en leiddi af váttryggingarsamningi váttryggingartaka og stefnda. Samkvæmt honum bætti stefndi aðeins þann hluta af tjóni tjónþola sem var umfram 1.500.000 krónur. Þegar stefndi dró þá fjárhæð frá útreiknuðum skaðabótum stefnanda samkvæmt skaðabótalögum notaði stefndi því ekki gagnkröfu til skuldajafnaðar á móti bótaþrófnum stefnanda. Sú takmörkun á rétti váttryggingafélags til að skuldajafna, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 49. gr. laga nr. 30/2004, hefur því enga þýðingu í máli þessu.

Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið verður að telja að stefnda hafi verið rétt að taka tillit til eigin áhættu váttryggðs að fjárhæð 1.500.000 krónur við uppgjör á skaðabótum til stefnanda. Því ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 þykir rétt að hvor málsaðila beri sinn kostnað af rekstri málsins. Stefnandi nýtur gjafsóknar í málinu samkvæmt gjafsóknarleyfi, dags. 4. desember 2012. Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflytningsþóknun lögmanns hans, Hjördísar E. Harðardóttur hrl., 571.025 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti.

Mál þetta dæmir Ásmundur Helgason héraðsdómari.

D Ó M S O R Ð :

Stefndi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., er sýkn af kröfum stefnanda, Páls Rúnars Elíssonar.

Málkostnaður milli aðila fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin
málflutningsþóknun lögmanns hans, Hjördísar E. Harðardóttur hrl., 571.025 krónur.

Ásmundur Helgason (sign.)